

Reykjavík,
Dags. 6.9.2022

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs

Sendandi: Árný Elínborg Ásgeirsdóttir

Efni: Koma í veg fyrir líkbrennslu í Grafarvogi

Lýsing :

Nú þarf að bregðast hratt við. Nú á næstunni tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um hvort bálstofa verði í Grafarvogi eða í dal við höfuðborgarsvæðið sem er fjarri íbúabyggð. Það væri því sterkt ef íbúar Grafarvogs myndu bregðast við sem fyrst og ÁÐUR en ákvörðun er tekin og nefna mikilvæga punkta er koma að skipulagsmálum sem mæla gegn því að Grafarvogur verði fyrir valinu:

1) Þetta verður bálstofan með greini og mun því auka mjög mikið umferð inn í Grafarvog og í hverfinu við kirkjugarðinn þar sem bálstofan yrði.

2) Mengun. Ég vann á leikskóla við bálstofuna í Fossvogi. Líkbrennslulykt er ekkert grín og héldum við krökkum inni þegar hana lagði yfir. Það er rætt um að búnaðurinn í þessari bálstofu verði fullkomnari en við vitum af reynslu okkar vegna Reykjanessbæs að ekkert tæki er óskeikult. Meira að segja í kjarnorkuverum þarf stundum að gera við. Það yrði hvítleiður vandi að hafa líkbrennslulykt reglulega í Grafarvogi.

Hérna er frétt sem ég rakst á núna um málið: https://www.frettabladid.is/frettir/segir-timaskekkju-felast-i-thvi-ad-trufelag-reki-balstofu/?utm_medium=Social&utm_source=Facebook#Echobox=1662213582

Óska eftir að ráðið taki fyrir líkbrennslu í Grafarvogi og berjist gegn því á þeim vígstöðum sem þess er þörf. Bæði gagnvart skipulagsyfirlöndum í Rvk og sendi einnig erindi á dómsmálaráðuneytið svo að það sé meðvitað um óánægju í Grafarvogi með þetta.

Með von um snögg viðbrögð

Bestu kveðjur

Árný